



Til:
Efni:
Upplýsingar:

oskar@landmotun.is
Re: Fw: SV: ósk um umsögn
Sent: 24.09.2018 13:10:34 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030011, Bréfalyklar: 42-0 Ums
almennt

Tilvísun í mál: 2018030011

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 21. september sl., þar sem ítrekuð er ósk til Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsögn um lýsingu á endurskoðun aðalskipulags Vesturbyggðar en erindið var sent 6. mars sl.

Samkvæmt 68. gr. laga um náttúruvernd er lögbundið hlutverk Náttúrufræðistofnunar eftirfarandi þegar um er að ræða skipulagsáætlanir: „**Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.**“ Almennt hefur löggjafinn því ekki gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun sé lögbundinn umsagnaraðili um aðalskipulag sveitarfélaga sem m.a. endurspeglast í því að stofnunin hefur ekki mannafla til að sinna öllum skipulagserindum sem til hennar berast. Stofnunin hefur því reynt að forgangsraða erindum sem hún svarar t.d. eftir því á hvaða stigi þau eru. Beðist er velvirðingar á því að þetta hafi ekki verið upplýst fyrr.

Við yfirferð á framangreindri lýsingu kemur m.a. í ljós í kafla 3.4 að þar er vitnað í lög nr. 44/1999 um náttúruvernd sem er fallin úr gildi, sjá nú lög nr. 60/2013. Af þessu leiðir að vísað er í náttúruverndaráætlun en ekki B-hluta náttúruminjaskrár eða C-hluta eftir því sem við á. Þennan kafla þarf því að endurskoða m.t.t. nýrra laga.

Á bls. 16. segir í kafla 4.2, Viðfangsefni, undir Umhverfismál og náttúruvernd: „Áhersluatriði eru t.a.m. ásýnd samfélaga og skipulag, sorpmál og frárennsli.“ Sorpmál og frárennsli falla vel innan þess sem má flokka sem umhverfismál en að mati Náttúrufræðistofnunar er torráðið hvað er átt við með áhersluatriðinu „ásýnd samfélaga og skipulag“ ef það snýr að náttúruvernd. Hér mætti setja fram með skipulegri hætti áhersluatriði um náttúruvernd. Í kaflanum um Orku- og auðlindamál mætti bæta við að þau mál séu einnig skoðuð m.t.t. sjálfbærrar nýtingar og verndar.

Á bls. 19-20 er gott yfirlit í töflu um þá þætti sem þarf að skoða m.a. m.t.t. náttúrufars. Þar á eftir kemur tafla um umhverfisviðmið. Þar er m.a. vísað í rétt lög um náttúruvernd þ.e. lög nr. 60/2013, sjá fyrri athugasemd. Vel mál gæta samræmis í orðavali/hugtakavali og nota t.d. hugtakið líffræðileg fjölbreytni í stað líffræðilegs fjölbreytileika (sjá töflu undir kafla 4.2) en það fyrrnefnda er notað í lögum um náttúruvernd og er einnig það sem er notað í samningnum um líffræðilega fjölbreytni.

Svo virðist sem að lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og Verndaráætlun fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar séu ekki nefnd í lýsingunni s.s. í töflu um lög eða undir t.d. önnur stefnumörkun.

Vegna frekari vinnslu á endurskoðun aðalskipulagsins vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi,

http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> , og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf .

Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/naturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://naturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. Einnig má sjá upplýsingar um 61. gr. náttúruverndarlaga hér:

<http://www.ni.is/frettir/2018/07/naturufyrirbaeri-sem-njota-serstakrar-verndar-i-kortasja>

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Date: 09/21/2018 12:57:12 PM
To: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Subject: Fw: SV: ósk um umsögn

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 21.09.2018 12:56 -----

From: Óskar Örn Gunnarsson <oskar@landmotun.is>
To: "eftirlit@hevf.is" <eftirlit@hevf.is>, "postur@anr.is" <postur@anr.is>, "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>, "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>, "orkubu@ov.is" <orkubu@ov.is>, "land@land.is" <land@land.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "diana@vestfiridir.is" <diana@vestfiridir.is>, "vedur@vedur.is" <vedur@vedur.is>, "breidafjordur@nsv.is" <breidafjordur@nsv.is>
Cc: "elfar@vesturbyggd.is" <elfar@vesturbyggd.is>, 'Lilja Sigurðardóttir' <lilja@vesturbyggd.is>
Date: 21.09.2018 11:48
Subject: SV: ósk um umsögn

Góðan daginn

Meðfylgjandi lýsing á endurskoðun aðalskipulags Vesturbyggðar var send til umsagnar 6. mars sl. Undirrituðum hefur ekki borist enn umsögn við erindinu. Óskað er því umsagnar sem allra fyrst við lýsingunni. Ef umsögn hefur þegar verið gefin þá endilega sendið mér afrit af henni til mín með tölvupósti.

Með kveðju

Óskar Örn Gunnarsson
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

Description: Description: Description: Description: cid:image005.png@01CD9BE6.69076C90Óskar Örn Gunnarsson
Skipulagsfræðingur SFFÍ
s. 575 5306 - 847 4346

Hamraborg 12 - 200 Kópavogur - 575 5300

Hönnun - skipulag - ráðgjöf - kortagerð
www.landmotun.is

Frá: Óskar Örn Gunnarsson

Sent: þriðjudagur, 6. mars 2018 12:20

Til: eftirlit@hevf.is; postur@minjastofnun.is; postur@isafjordur.is; sudavik@sudavik.is; Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (sveitarstjóri@reykholar.is) <sveitarstjóri@reykholar.is>; postur@anr.is; fiskistofa@fiskistofa.is; vegagerdin@vegagerdin.is; samgongustofa@samgongustofa.is; orkubu@ov.is; skogur@skogur.is; land@land.is; ust@ust.is; upplýsingar@ferdamalastofa.is; ni@ni.is; diana@vestfiridir.is; vedur@vedur.is

Afrit: elfar@vesturbyggd.is; Lilja Sigurðardóttir <lilja@vesturbyggd.is>

Efni: ósk um umsögn

Góðan daginn

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi lýsingu skipulagsverkefnis um endurskoðun aðalskipulags Vesturbyggðar.

Með kveðju

Óskar Örn Gunnarsson
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar